



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á Búnaðarþingi
í Reykjavík
31. mars 2022**

Ráðherrar og þingmenn,
formaður Bændasamtaka Íslands,
ágætu fulltrúar á Búnaðarþingi

Ég óska ykkur öllum velfarnaðar í mikilvægum störfum. Þingið kemur nú saman á nýjum stað, Icelandair Hotel Natura, sem hét reyndar Hótel Loftleiðir í minni æsku og fram á fullorðinsár. Já, Búnaðarþing er ekki sett á sínum gamla stað, Radisson Blu Saga Hotel, sem gekk einnig undir öðru nafni fyrr á tíð. Þá var það Hótel Saga, heillin – nú eða Bændahöllin og er virðulegra nafn vandfundið.

Tímarnir breytast og mennirnir með. Allt snýst þetta um þá jafnvægislist að halda í það góða og gilda en losna um leið undan oki afturhalds og forpokunar, og líka hitt að fagna breytingum til batnaðar en elta ekki alla duttlunga okkar daga.

Um þessar mundir er rétt öld liðin frá því að önnur ljóðabók Davíðs Stefánssonar kom út. Þremur árum fyrr, árið 1919, hafði hann slegið í gegn með þeirri fyrstu, *Svörtum fjöðrum*, og þeirri næstu var eins vel tekið. *Kvæði* hét hún einfaldlega og þar var meðal annars sagt frá henni Dísu í dalakofanum. Þetta var þegar aldamótakynslóðin óx úr grasi, vormenn Íslands. Nú skyldi rækta hið fullvalda land, í fögru býli í fögrum dal eins og skáldið orti:

Vertu hjá mér, Dísa, meðan kvöldsins klukkur hringja
og kaldir stormar næða um skóg og eyðisand;
þá skal ég okkur bæði yfir djúpið dökka syngja
heim í dalinn, þar sem ég ætla að byggja og nema land.

Að byggja og nema land, það var málið. Og fólkinu í landinu fjölgaði, brýr voru byggðar, vegir lagðir. Mýrar voru ræstar, torfkofar hurfu nánast og héraðsskólar risu, ráðhús sveitanna eins og Jónas Jónsson frá Hriflu kallaði þá. Engu að síður áttu hinar dreifðu byggðir undir högg að sækja og gamlir siðir sömuleiðis, margir góðir en aðrir máttu fara veg allrar veraldar, aldalangt misrétti og kúgun almúgans. Útvegurinn efldist við sjávarsíðuna, þangað lá leiðin, og höfuðborgin Reykjavík fékk aukinn alþjóðasvip, með kaffihús, djass og bíó.

Sumum þótti nóg um, var þetta það sem framfarir snerust um? Og svo kom seinna stríð, fullt sjálfstæði, já, en líka erlend áhrif sem aldrei fyrr. Nú söng landinn með Skafta Sigþórssyni um Dísu í dalakofanum sem undi sér áfram í sveitinni við sínar ær og kýr, en það var ólíkt öðrum stúlkum sem heilluðust af óþjóðlegu glysi og glaum:

Hún hefur aldrei heyrt um neitt
sem heitið getur ljótt
og heyrst aldrei nefna neitt
sem nú er eftirsótt.
Nælonsokka, silkiföt
og síðra kjóla þrjál,
né varalit og vindlinga
og vínsins gullnu skál.

Var þjóðmenning í voða? Tungumálið sömuleiðis? Samfélag gróinna siða og gilda? Þess ótta gætti, ekki síst meðal góðborgara. Um leið flykkist fólkið áfram „á mölina“ eins og sagt var. Undir lok síðustu aldar var Ísland orðið að borgríki, í þeim skilningi að meirihluti landsmanna bjó á höfuðborgarsvæðinu eða í nágrenni þess.

Og Dísu? Hún var ekki lengur í dalakofanum. „Síðan flaugst þú yfir hafið til móts við annað ævintýr. Einn ég sit og bíð og vona að þú komir til mín.“ Þannig sungu félagarnir í SSSól en fyrir daufum eyrum. „Komdu aftur til mín, Dísu, Dísu mín,“ héldu þeir áfram en bænarróðin dugðu ekki til. Dísu okkar daga er heimsborgari, frjáls eins og fuglinn. Ég sé hana fyrir mér, stoltan Íslending sem ferðast víða og lærir margt af öðrum þjóðum, alveg óbundna af íhaldssömum eða fordómafullum skilgreiningum á þjóðerni og ættjarðarást.

Sömuleiðis held ég að Dísu Davíðs Stefánssonar hafi verið heimsborgari á sinn hátt. Þegar kvæðið um hana birtist fyrir hundrað árum var hann nýkominn frá Ítalíu, meðal annars frá eyinni Capri og þar varð Katarína á vegi hans og allir Capri-sveinar.

Það er önnur saga en við megum varast að fella sleggjudóma um fortíðina út frá eigin samtíma. Fortíðinni verður ekki heldur breytt – ekki nema í sagnfræðinni, enda hefur verið haft á orði að engir hafi breytt gangi sögunnar

eins mikið og sagnfræðingarnir! Við getum hins vegar mótað eigin samtíð og óráðna framtíð. Og þótt við búum flest í borg eða bý mótast sjálfsmynd Íslendinga enn af arfi kynslóðanna, af lífi formæðra okkar og forfeðra til sjávar og sveita. Við viljum flest muna hvar ræturnar liggja. Þetta merkjum við til dæmis af vinsældum sjónvarpsþátta um líf í hinum dreifðari byggðum, Landanum og Um land allt, og víðlesnu Bændablaði.

Ágætu þinggestir: Margar áskoranir bíða ykkar, mörg álitæfni. Hvernig fáum við tryggt að íslenskur landbúnaður eflist og dafni? Hvað þarf að halda í, hvað þarf að hugsa upp á nýtt? Hvernig eflum við sjálfbærni og vistvæn viðhorf í öllum búgreinum? Þurfum við að huga betur að fæðuöryggi landsins?

Sumt mun breytast, annað ekki. Fyrir nær níutíu árum ritaði Jónas frá Hriflu um hina nýju héraðsskóla og batt miklar vonir við að þeir myndu stuðla að bættu mannlífi. Þeir yrðu ekki aðeins öflug menntasetur í heimabyggð heldur einnig fundarstaðir. „Þar verða samkomur ungu kynslóðarinnar, húsmæðranna og bændanna,“ skrifaði hann. Jónas benti líka á að héraðsskólarnir væru þegar orðnir aðal gistihús landsins, utan kaupstaðanna, og hann sá fyrir sér að erlendir ferðamenn myndu nýta þá ef Ísland yrði „ferðamannaland með nokkrum fjárhagslegum árangri“, eins og hann komst að orði. Það rættist en hitt gat Hriflu-Jónas ekki séð fyrir að í einum skólanum, þeim á Bifröst, fengi fólk frá Úkraínu tímabundið skjól, eftir flóttu frá vígaslóð.

Vonandi skilar sá vilji til að láta gott af sér leiða þeim árangri sem til er ætlast. Ég ítreka góðar óskir til ykkar, kæru fulltrúar á Búnaðarþingi. Vegni ykkur vel, landi og þjóð til heilla.